



Febrúar 2010

Ágæti viðtakandi

Þegar PEP (Pacific Emergency Products) tilkynnti okkur síðasta haust að framleiðslu þeirra á sjúkratöskum sem við höfum selt til björgunarsveita og bráðaliða yrði hætt, þá fórum við á stúfana að leita nýrra birgja.

Sú leit hefur nú borið betri árangur en okkur nokkurn tímann dreymdi um. Árangurinn má sjá í meðfylgjandi bæklingi sem við höfum útbúið sem fyrstu kynningu á því sem í boði er. Við höfum reiknað út verð sem eru tilgreind í bæklingnum og eru þau mun lægri en við höfum áður séð á sambærilegum búnaði og jafnvel hlægileg í sumum tilvikum.

Okkar reynsla er að þegar um búnað til slökkvi- eða sjúkraliða auk björgunarsveita er að ræða, þá er sá búnaður undantekningarlaust dýr. Í tilraunum okkar til að lækka verð höfum við því leitast við að ná milliliðalaus sambandi beint við framleiðendur að vönduðum búnaði. Við getum staðfest að þessi búnaður er seldur beggja vegna Atlantshafsins þ.e. bæði í Ameríku og Evrópu. Sýnishorn eru að berast okkur þessa dagana og ættu að vera komin sýnishorn af flestu því sem tilgreint er í lok mars n.k. Vegna fjarlægðar framleiðanda við okkar markaðssvæði er afgreiðslufrestur nokkuð langur eða tveir til þrjú mánuðir.

Sterklega kemur til greina að vera með eitthvað af búnaðinum á lager, en ákvörðun um slíkt verður þó ekki tekin fyrr en ljóst er um áhuga viðskiptavina okkar. Við viljum því hvetja þig til að kynna þér úrvalið og láta skoðun þína í ljós með því að hafa samband við okkur.

Áhugasamir hafið samband í síma 568-4800, virka daga milli kl. 8:15 og 17:00 eða með tölvupósti á [oger@oger.is](mailto:oger@oger.is)

Heimsækið heimasíðu okkar [www.olafurgislason.is](http://www.olafurgislason.is) þar sem við setjum inn nýjustu upplýsingar og fréttir. Sendið okkur netfang ykkar ef þið viljið fá upplýsingar og fréttir þá leiðina.

Með kveðju,

**Ólafur Gíslasonar & Co. hf. - Eldavarnamiðstöðin**

**36 ÁR Í ÞJÓNUSTU SLÖKKVILÐA**